

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014, iðnaðarsvæði og verslunarsvæði við Vogabraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst annars vegar í stækkun iðnaðarsvæðis norðan Vogabrautar til vesturs úr 12,7 ha í 14,8 ha inn á svæði sem skilgreint er sem „opið svæði, óbyggt“ og hins vegar breytist landnotkun lóðar sunnan gatnamóta Iðndals og Vogabrautar úr „opnu svæði, óbyggðu“ í „verslun, skrifstofur“. Lega reiðstígs breytist einnig.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007